

LÖG

um breytingu á ýmsum lögum um matvæli (einföldun regluverks og EES-reglur).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

- a. Í stað orðanna „efna og hluta sem ætlað er að koma í snertingu við matvæli“ í 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: matvælasnertiefna.
- b. Í stað orðanna „efna og hluta sem ætlað er að vera í snertingu við matvæli“ í j-lið 6. gr. og í 1. mgr., 1. og 2. málsl. 4. mgr. og 2. málsl. 5. mgr. 14. gr. laganna kemur: matvælasnertiefna.
- c. Í stað orðanna „efni og hluti sem ætlað er að vera í snertingu við matvæli“ í 2. mgr. og 3. málsl. 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: matvælasnertiefni.
- d. Í stað orðanna „efnum og hlutum sem ætlað er að vera í snertingu við matvæli“ í 1. málsl. 3. mgr. og 1. málsl. 5. mgr. 14. gr. og 4. málsl. 2. mgr. 25. gr. laganna kemur: matvælasnertiefnum.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og hugtaka sem hér segir:

1. *Aðskotaefni* eru efni sem sett eru í matvæli, berast í þau eða myndast í þeim og breyta eiginleikum, samsetningu, gæðum eða hollustu þeirra. Hér er m.a. átt við vaxtaraukandi efni og lyfjaleifar.
2. *Aukefni* eru efni sem notuð eru við tilbúning matvæla til að hafa áhrif á geymsluþol, lit, lykt, bragð eða aðra eiginleika þeirra.
3. *Áhættuflokkun* er greining opinbers eftirlits í matvælafyrirtækjum á völdum þáttum sem hafa áhrif á áhættu fyrir neytendur en áhættuflokkur segir til um grunneftirlitsþörf matvælafyrirtækis.
4. *Áhættugreining* er ferli sem er samsett af þremur innbyrðis tengdum þáttum, þ.e. áhættumati, áhættustjórnun og áhættukynningu.
5. *Bragðefni* eru efni sem notuð eru til að hafa áhrif á bragðeiginleika matvæla og teljast ekki til aukefna.
6. *Bætiefni* eru vítamín, steinefni, þ.m.t. snefilefni, og lífsnauðsynlegar fitu- og aminosýrur.

